

NORÐURLJÓŚ

Fréttabréf Norðuráls

5. tbl. 2013 • Ritstjórar: Sólveig Kr. Bergmann og Trausti Gylfason • Ábyrgð: Ágúst F. Hafberg

Ritnefnd: Aðalheiður Skarphéðinsdóttir, Ása Birna Viðarsdóttir, Bjarni Ingi Björnsson, Sigurður Amar Árnason, Sverrir Þór Guðmundsson og Steinunn Kr. Pétursdóttir. Myndir: Ása Birna Viðarsdóttir o.fl.

Norðurál
15 ára



NA

NORÐURÁL
Century ALLIUM



Ragnar Guðmundsson, forstjóri Norðuráls

Ágæta samstarfsfólk

Fimmtán ár eru liðin frá því fyrsta kerfið var áltekið á Grundartanga. Tíminn hefur liðið hratt, reyndar alltof hratt, og uppbyggingin verið ævintýri líkust.

Þar sem við stóðum í nýbyggðum ker-skálanum á Grundartanga, veltum við því fyrir okkur hvort við hefðum tekið þátt í því að slá heimsmet. Þannig voru ekki nema tæp þrjú ár liðin síðan fyrstu fréttir bárust hingað til lands af áhuga Ken Peterson að reisa álver hér á landi þar til fyrsta áltakan fór fram, 11. júní árið 1998.

Forsagan var sú að árið 1995 ákvað Ken Peterson, eigandi bandaríska fyrirtækisins Columbia Ventures Corporation, að ráðast í að reisa álver. Eftir að ýmsir möguleikar höfðu verið athugaðir var ákveðið að álverið yrði reist utan Bandaríkjanna. Í ágúst 1996 varð ljóst að Ísland væri besti

kosturinn. Fyrsta skóflustungan á Grundartanga var tekin 29. mars árið 1997. Á næstu mánuðum tók umhverfið á Grundartanga stakkaskiptum. Þar sem sem áður var bithagi fyrir hross varð vettvangur gríðarlegra byggingaframkvæmda enda um að ræða mestu fjárfestingu í íslenskum iðnaði í nærri 30 ár. Aðeins 14 mánuðum eftir fyrstu skóflustunguna var fyrsta kerfið gangsett og í ágúst 1998 var fyrsta álið flutt út frá Grundartangahöfn.

Það tók hins vegar langan tíma að ná tókum á rekstrinum og í því ferli urðum við öll nemendur og kennarar í þrotlausri leit að bestu lausnum. Þekjurnar bráðnuðu ofan í kerin og logar stóðu upp úr, þar sem í hitinn var á stundum 1.100 gráður í stað 960. Um níu mánuði tók að ná góðum tókum á framleiðslunni en frá þeim tíma hefur hún gengið áfallalaust fyrir sig. Það myndað-

ist sérstakt samband milli þeirra sem voru í barningnum í upphafi. Fyrirtækið var þá tiltölulega lítið, með 150 starfsmenn, samstarfið var náíð og gott enda hafði glíman við áskoranir og erfiða hjalla í bland við góða sigra þjappað hópnum vel saman.

Samskipti og samgöngur

Mér er einnig minnstætt þegar umferð var hleypt um Hvalfjarðargöngin, mánuði eftir að framleiðsla hófst á Grundartanga. Líkt og margir aðrir starfsmenn ók ég fyrir Hvalfjörð til vinnu fyrstu mánuðina, rétt um 100 kílómetra hvora leið. Það var á laugardegi sem göngin voru opnuð og því ekki ástæða til að fara í vinnuna þann daginn. Ég gerði mér nú samt ferð um kvöldið til að prófa göngin og mæla hvað þau stytta ferðina. Í dag er það kannski ekki jafn stórfengleg upplifun að aka göngin en þau hafa

haft í för með sér mikla hagkvæmni fyrir rekstur Norðuráls. Það væri erfitt fyrir þann stóra hóp af Höfuðborgarsvæðinu að sækja vinnu á Grundartanga daglega ef keyra þyrfti fyrir Hvalfjörð alla daga og í öllum veðrum. Í 9 ár ók ég á milli og viðurkenni að ég sakna þess að vera ekki í daglegum samskiptum við fólkið á Grundartanga. Fyrirtækið er orðið fjórum sinnum stærra en það var í upphafi og helsti ókosturinn er landfræðileg dreifing sem þýðir að ekki er eins mikill samgangur milli eininga og var. Það er í raun óhjákvæmileg þróun. Til að hlutirnir gangi upp og hver eining skili sínu þarf hæft og gott starfsfólk. Það höfum við.

Breytingar og framþróun

Reksturinn hefur gengið í gegnum nokkur skeið breytinga. Framleiðslugetan var 60 þúsund tonn á ári á upphafsárunum. Sumarið 2001 var hún aukin í 90 þúsund tonn á ári með gangsetningu annars áfanga. Á árinu 2006 var framleiðslugetan aukin í 220 þúsund tonn og í 260 þúsund tonn árið 2007. Á síðasta ári framleiddum við yfir 280 þúsund tonn af áli á Grundartanga og Norðurál er nú orðið eitt stærsta iðnfyrirtæki á Íslandi.

Við höfum einnig gengið í gegnum eigendaskipti þegar Century Aluminum keypti Norðurál í apríl árið 2004. Fleiri aðilar, bæði innlendir og erlendir, höfðu mikinn áhuga á að eignast fyrirtækið en Century var hlutskarpast. Við valið á kaupenda lagði Ken Peterson áherslu á metnað Century til að stuðla að frekari vexti og velgengni Norðuráls og virðingu fyrir framúrskarandi árangri íslenska starfsliðsins. Með þessum breytingum fengum við stærra og sterkara bakland. Aðeins nokkrum dögum eftir að gengið var frá eigendaskiptum var hafist handa við stækkun, enda búið að ganga frá öllum leyfum og samningum. Alla tíð hefur verið góður tónn í samskiptum við stjórnendur og



Fyrsta skóflustungan var tekin með vélarafli 29. mars 1997.

starfsfólk Century. Þau hafa borið virðingu fyrir því sem við erum að gera og haft á því lifandi áhuga.

Hvert stefnum við?

Áliðnaður á Íslandi er og hefur verið umdeildur og ákveðin öfl í samfélaginu hafa séð sér hag í því að gera hann að skotspæni. Umræðan er oft og tíðum óvægin, stundum ósanngjörn eða beinlínis röng, líkt og tilgangurinn helgi meðalið þar sem jafnvel líðst að halda fram ósannindum.

Við erum ekki óvön að vinna í brothættu pólitísku umhverfi og oft hefur gustað um Norðurál. Í upphafi setti Sól í Hvalfirði sig upp á móti því að álver risi á Grundartanga. Háværri rödd þeirra samtaka var svarað með átaki heimamanna: Álver, já takk! Pétur Ottesen var einn forvígismanna átaksins og rifjar upp þá sögu á öðrum stað hér í blaðinu. Svo sannarlega náði það framtak að snúa viðhorfi almennings og væntanlegs fjárfestis.

Maður drakk það í sig sem barn að verðmætasköpun og vinnusemi væri undirstaða undir velferð og góðu samfélagi. Ég var 3

sumur í sveit, kynnist lífinu þar og hvernig verðmætin urðu til. Áttaði mig á því að hversu miklu það skiptir og hve hollt það er að fá að taka þátt í slíkri verðmætasköpun og læra að bera virðingu fyrir henni. Þegar ég horfi heilt yfir þá er ég stoltur yfir því að hafa fengið að taka þátt í því að reka fyrirtæki sem hefur rennt styrkri stoð undir íslenskt samfélag og skapað fjölda starfa. Markmiðið framundan á Grundartanga er að auka framleiðni, bæta rekstraröryggi og auka framleiðslu um allt að 50 þúsund tonn af áli á ári.

Við stefnum ótrauð á að reisa álver í Helgúvík. Á Suðurnesjum vantar sárlega störf og ég vil stuðla að því að fólk hafi vinnu og geti haft gaman af lífinu. Það tek ég alvarlega og er mikilvæg ástæða þess að mig langar til að ljúka Helgúvíkurverkefninu. Marka nýtt upphaf sem byggir á þeirri miklu reynslu og lærdómi sem hefur áunnist síðustu 15 árin á Grundartanga.

Ég þakka ykkur samfylgdina með von um áframhaldandi farsælt samstarf.

Ragnar Guðmundsson



Sigurður Arnalds, verkfræðingur, heldur ræðu fyrir hönd eigenda.



Jón Gunnar Mýrdal



Kvenfélagskonur úr Hvalfirði



Álkallinn



Ingibjörg Pálmadóttir, þáverandi heilbrigðisráðherra

Opunarhátíð Norðuráls 24. apríl 1999



Helgi Helgason vaktstjóri ásamt dóttur sinni



Guðlaugur Jónsson og Hildur Ásgeirsdóttir



Mikill fjöldi gesta var á opunarhátíðinni



Finnur Ingólfsson iðnaðarráðherra



Ken Peterson í viðtali hjá Steingrími Ólafssyn fréttamanni Stöðvar2



Stefnir Sigmarsson og Pétur Svanbergsson



Sigurður Hauksson og Rósa



Friðrik Sophusson fjármálaráðherra ásamt Jóni Þorvaldssyni



Álið er málið



Valdís Jakobsdóttir og Guðrún Ósk Óskarsdóttir



Margt var um manninn og margir þáðu veitingar



Álkallinn gantast við Dick Black fyrsta framleiðslustjórann



Frá vinstri: Haraldur Sturlaugsson, Þórður Friðjónsson, Páll Sigurjónsson, Hörður Sigurgestsson og Ingibjörg Pálmadóttir



Per Ekström spjallar við fólkið

Stiklað á stóru úr sögu Norðuráls

Íoktóber 1995 hófst vinna við mat á umhverfisáhrifum fyrir 180 þúsund tonna álver og við fengum starfsleyfi í **mars 1997**. Steypuvinna hófst í júní sama ár, samkomulag um fjármögnun lá fyrir í ágúst. Í **nóvember 1997** var 40 þúsund tonna súrálssíló stept á 16 dögum.

Í **apríl 1998** lauk byggingu kerskála, fyrstu skautin voru stept í maí og í sama mánuði var fyrsta súrálsskipið losað í Grundartangahöfn.

Veturinn 1997 var auglýst eftir starfsfólki og yfir 1500 umsóknir bárust.

Fyrsta kerfið var gangsett **11. júní 1998**. Framleiðslugetan var 60 þúsund tonn á ári.

Sumarið 2001 var framleiðslugetan aukin í 90 þúsund tonn með gangsetningu annars áfanga.

Century Aluminum festi kaup á Norðuráli í **apríl 2004**.

Árið **2006** var framleiðslugetan aukin í 220 þúsund tonn.

Árið **2007** var framleiðslugetan aukin í 260 þúsund tonn.

Árið **2012** framleiddum við yfir 280 þúsund tonn af áli á Grundartanga.

Álver, já takk!

Saga Péturs Ottesen, deildarstjóra hjá Norðuráli, og álversins á Grundartanga nær lengra aftur en flestra. Við fengum hann til að rifja upp aðdraganda þess að álver reis á Grundartanga en sú frásögn er lýsandi dæmi um kraft einstaklingsframtaksins.

„Þegar leið að vori árið 1997 komst sá orðrómur á kreik að Columbia Ventures hefði augastað á iðnarlód á Grundartanga og hygðist byggja þar álver. Þá var ég talsvert virkur í sveitarstjórnarmálum í kjördæminu, sem meðlimur í bæjarstjórn á Akranesi ásamt því að gegna formennsku í Samtökum Sveitarfélaga á Vesturlandi. Á þessum tímapunkti hafði ekki árað vel í atvinnumálum áratuginn á undan, sérstaklega átti þetta við um suðurhluta kjördæmisins. Íbúum á Akranesi hafði til dæmis fækkað um á fjórða hundrad frá því hápunkti var náð eftir uppbyggingu Járblendiverksmiðjunnar á Grundartanga.

Með þetta til hliðsjónar hljómuðu hugmyndir um jafn stóra uppbyggingu mannfreks iðnaðar eins og hörpusláttur í eyrum þeirra sem báru skynbragð á mikilvægi fjölgunar starfa á svæðinu.

Því fannst okkur skjóta skökku við þegar fjölmiðlar fylltust af málflutningi meints meirihluta fólks sem talað af mikilli einurð á móti fyrirhuguðu álveri undir merkjum Sólar í Hvalfirði.

Þegar andstæðingar álvers voru hvað fyrirferðamestir í fjölmiðlum kom Jón Sigurðsson að máli við mig og spurði hvort ég skynjaði þennan meinta meirihluta sem svo hátt léti og gerði allt til að leggja stein í götu þess að álver risi á Grundartanga. Jón var á þessum tíma verkamaður hjá Íslenskum Aðalverktökum og formaður verkalyðsfélagsins Harðar. Sam-

mæltumst við um að reyna að virkja þann þögla meirihluta, sem við töldum fyrir málinu, og ákváðum að hefja undirskriftasöfnun til að sjá hvernig skoðanir skiptust með eða á móti álveri. Fengum við Rafn Guðlaugsson, verslunar-eiganda á Akranesi, til liðs við okkur og ýttum



úr vör undirskriftasöfnun undir slagorðinu „Álver, já takk!“

Það er skemmst frá því að segja að á aðeins þremur dögum söfnuðust 2927 undirskriftir, sem á þeim tíma var um 70% atkvæðabærra einstaklinga á svæðinu sunnan Skarðsheiðar. Voru undirskriftirnar afhentar iðnaðarráðherra með formlegum hætti seint í marsmánuði 1997.

Í kjölfarið má segja að hinn þögli meirihluti hafi loks fengið málið, mættum við þremmingar á fjölmarga fundi um málið og vorum titt í viðtölum bæði í sjónvarpi, útvarpi og dagblöð-

um. Var oft hart deilt við andstæðinga álversins, en það er gaman að taka þátt í rökræðu ef maður finnur til réttlætis gagnvart málstaðnum sem talað er fyrir. Eiginlega það eina sem þessir tveir hópar voru sammála um var að umhverfismálin þyrftu að vera í forgrunni.

Til gamans má geta þess að við formlegt upphaf undirskriftarsöfnunarinnar sem átti sér stað í versluninni Skagaver, mættu um 1000 manns á eingöngu 3 tímum. Þeir sem lengst komu að með okkar vissu gerðu sér ferð ofan úr Reykholtsdal í Borgarfirði, gagnert til að skrifa undir. Ekki var gengið í hús, heldur lágu listamir frammi í verslunum á Akranesi. Einu kvartanirnar sem okkur bárust voru úr Borgarnesi og af Snæfellsnesi þar sem kvartað var yfir að ekki hefði verið komið með lista þangað. Ef mig minnir rétt fór þó listi í Borganes á síðasta degi söfnunarinnar.

Í gegnum tíðina hef ég tekið að mér mörg og misjöfn verkefni. Ég fullyrði samt að þetta er sjálfbærasta verkefni sem ég hef komið að. Það þurfti bara að yta því úr vör, restin sá um sig sjálf og íbúar gerðu sér sér ferð í verslanir til að leggja nafn sitt við málstaðinn. Mikill fjöldi undirskrifta og ekki síst með hvaða hætti þeirra var aflagð, er besti vitnisburðurinn um hve velkomin þessi uppbygging var og hvaða trú nær-umhverfið hafði á verkefninu.

Öll vitum við hvernig sagan endaði og er fyrirtækið orðið mun stærra en fyrstu hugmyndir gerðu ráð fyrir. Vigt Norðuráls í samfélaginu hefur aukist í takt við það, þótt Akranes og nærsveitir hafa umfram aðra notið góðs af uppbyggingunni. Sem dæmi má nefna að íbúafjöldi á Akranesi var 5074 í ársbyrjun 1997 en nýleg skráning sýnir 6592 eða tæplega 30% aukningu. Það sjá því allir að koma Norðuráls hefur styrkt þetta svæði gríðarlega. **Pétur Ottesen**

Í þá gömlu góðu ...



Jakob Sigurðsson



Ásmundur Jónsson



S. Matthías Sigurðsson



Bjarki Georgsson



Frá vinstri: Benedikt Helgason, Eiríkur Kristófersson og Hrólfr Ární Borgarsson



Frá vinstri: Trausti Gylfason, Valdís Jakobsdóttir og Kristján Sturluson



Aksel Jansen



Frá vinstri: Jón Óskar Ásmundsson, Gauti Höskuldsson, Sigurvin Jónsson, Hafsteinn R. Gunnarson, Ívar Jónsson, Óskar Jónsson og Hálfán Ægir Þórisson



Frá vinstri: Anna Kristín Þórðardóttir, Kristín Sigfúsdóttir, Sigríður Þórdal, Gréta Þorbergsdóttir og Lilja Helgadóttir



Gunnar Birgir Ólafsson og Sigurbjörg Ellen Ottesen



Pétur Ottesen og Lárus Hjaltested



Valdis Jakobsdóttir



Aðalheiður Skarphéðinsdóttir



Logan Kruger



Per Ekström



Kristín Sigfúsdóttir og Jóna Guðrún Sigurgeirsdóttir



Tveir hressir úr skautsmiðjunni



Harpa Davíðsdóttir



Friðrik Friðriksson



Fyrsta skóflustungan af áfanga 3 til 5 í apríl 2004. Frá vinstri: Steve Shneider, Ragnar Guðmundsson, Richard Starkweather og Jack Gates



Þórður Jóhann Sigurðsson



Pétur Svanbergsson



Hafsteinn R. Gunnarsson og Bjarni Ingi Björnsson



Norðurál á Grundartanga



Líf og fjör á Grundartanga!

Starfsmenn Norðuráls héldu Fjölskyldudag hátíðlegan, laugardaginn 25. maí, og fögnuðu 15 ára afmælinu sérstaklega.

Dagskráin var fjölbreytt og eitthvað á boðstólum fyrir alla í veislutjaldi sem slegið var upp á bilastæðinu. Íþróttaálfurinn og

Solla, Kaffibrúsakarlar, Sirkus Íslandus og hæfileikaríkt starfsfólk Norðuráls voru meðal þeirra sem sáu um skemmtiatriði. Boðið var upp á vettvangsferðir um vinnusvæðið, hestaferðir og hoppukastala svo fátt eitt sé nefnt. Gestir nutu svo framandi, jafnt sem kunnuglegra veitinga, stærðarinnar afmæliköku og kaffi.





Verðlaunagripur með notagildi!

Eitt af samfélagsverkefnum Norðuráls



Íslandsmeistaramótið í klassískum kraftlyftingum fór fram nýverið og það var ekki síst nýstárlegur, glæsilegur farandbikar sem sigurvegarinn hreppi, sem vakti athygli.

Gripurinn, sem er kostaður af Norðuráli, er 6,2 kg lóð úr áli sem hvílir á álplatta.

„Venjulegu bikararnir eru oft frekar stórir, klunnalegir og eiginlega ljótir,“ segir Sigga Heimis sem hannað verðlaunin. „Þennan má hins vegar nota sem hefðbundið lóð, sem sagt verðlaunagripur með notagildi!“

Century Aluminum kaupir álver af Rio Tinto Alcan

Century Aluminum, móðurfélag Norðuráls á Grundartanga, hefur gengið frá kaupnum á Sebree álverinu í Kentucky af Rio Tinto Alcan, móðurfélagi álversins í Straumsvík.

Í tilkynningu um kaupin kemur fram að Century hefur eignast allar eignir Sebree álversins. Framleiðslugeta á ársgrundvelli eru 205 þúsund tonn og þar vinna yfir 500 starfsmenn. Til samanburðar voru fram-

leidd yfir 280.000 tonn af áli á Grundartanga á síðasta ári.

„Það er með mikilli ánægju að við bjóðum starfsfólk Sebree velkomnið til Cent-

Century ALUMINUM

ury,“ segir Michael Bless forstjóri Century Aluminum í tilkynningu. „Með þeim breytingum sem eru að verða á orkumarkaðinum í Bandaríkjunum höfum við fulla

trú á að samkeppnishæfni okkar á alþjóðamarkaði. Álver Century Aluminum í Hawesville er í um 100km fjarlægð frá Sebree og því eru tækifæri til samvinnu í öryggis- og rekstrarmálum þar sem stefnt er að fyrsta flokks árangri.

Aðgangur að opnum orkumarkaði er mikilvægur fyrir starfsemi okkar í Bandaríkjunum. Við teljum að þeir samningar sem gerðir voru vegna orku-kaupa fyrir Hawesville muni þjóna sem fyrirmynd fyrir Sebree.“

Umsóknir um nám í Stóriðjuskóla Norðuráls

Opnað hefur verið fyrir umsóknir um skólavist í Stóriðjuskóla Norðuráls

Sótt er um á innranetinu (á forsiðunni)

Opið verður fyrir umsóknir frá 15.mái til 15.júní



Aðalfundur Starfsmannafélags Norðuráls verður haldinn á Gamla Kaupfélaginu Akranesi fimmtudaginn 13. júní kl. 19:30 - 20:30

Fundarefni:

Skýrsla stjórnar frá liðnu starfsári
Endurskoðaðir ársreikningar félagsins lagðir fram
Úrslit í stjórnarkjöri tilkynnt og ný stjórn tekur við
Lagabreytingar
Önnur mál

LÉTTAR VEITINGAR Í BODI STNA !



Norðuráls krummarnir

Fjölmargir hafa í vor fylgst með hröfnum sem eru að koma upp ungum hér á Grundartanga. Fylgst hefur mátt með uppeldinu í blöðum, á facebook og fréttasiðum á Netinu svo dæmi séu tekin. Hafa þessi svæði fengið mýmargar heim-sóknir þannig að áhuginn er mik-

ill. Til að varna ágangi eru starfsmenn beðnir um að sýna krumma tillitssemi og takmarka heim-sóknir til hans eins og kostur er. Njótum náttúrulífsmýndanna á Skjánum því hætta er á að parið yfirgefi ungana sína áður en þeir verða fleygir ef ágangur verði of mikill.



1998 –Eins og gerst hefði í gær?

- Fyrsta keríð áltekið á Grundartanga 11.júní
- Hvalfjarðargöng opnuð 11.júlí
- Jóhanna Sigurðardóttir slær met í ræðulengd á Alþingi. Talar í 5 og 1/2 tíma.



- Keikó er fluttur heim til Vestmannaeyja



- Sverrir Hermannsson stofnar Frjálslynda flokkinn
- Titanic vinnur 11 Óskarsverðlaun



- George Michael kemur út úr skápnum
- Fyrsta útgáfa iMac kemur á markað
- Eiður Smári fer frá KR til Bolton
- Augusto Pinochet er handtekinn í London
- Ísland er ekki með í Eurovision. Það gekk svo illa '97.

- Dana International sigar Eurovision
- Bill Clinton er í vanda vegna Monica Lewinsky málsins



- Viagra kemur á markað
- Google leitarvefurinn opnar
- Gengi Bandaríkjadals er 71 kr.
- Bensínlítrinn kostar 69 kr.
- Heimasímar eru almennt snúrusímar



ÁRSHÁTÍÐ

12.10.2013

TAKTU DAGINN FRÁ